

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 202/1993.

Dvalarheimilið Lundur

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1993. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, til vara, að hann verði dæmdur til að greiða stefndu 133.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en til þrautavara, að hann verði dæmdur til að greiða aðra hærri fjárhæð eftir mati réttarins með dráttarvöxtum á sama hátt og áður segir. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, verði aðalkrafa eða varakrafa hans tekin til greina, en að málskostnaður falli niður á báðum dómstigum, ef þrautavarakrafa verður tekin til greina.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Ekki eru efni til að taka til greina þá málsástæðu áfrýjanda, að stefnda hafi með tómlæti glatað rétti til að krefja hann um bætur vegna slita á vinnusamningi þeirra, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að áfrýjandi hafi haft réttmæta ástæðu til að treysta, að slík krafa yrði ekki gerð, hvorki vegna aðgerðaleysis stefndu né annarra atvika.

Byggja verður á, að uppsögn stefndu hafi ekki átt rætur að rekja til þess, að hún var trúnaðarmaður á vinnustað hjá áfrýjanda. Braut áfrýjandi því ekki gegn ákvæði fyrri málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur með uppsögninni. Fallast má hins vegar á það með héraðsdómara, að vegna þessarar stöðu stefndu hafi áfrýjanda borið að beina til hennar áminningu, áður en upp-

sögn mátti fara fram á þeim grundvelli, sem áfrýjandi bar fyrir sig. Eins og uppsögnina bar að, verður því að telja hana ólögmda og að stefndu beri bætur af þeim sökum. Samkvæmt venju þykir hæfilegt að miða bæturnar við laun í þrjá mánuði frá þeim tíma, sem stefnda lét af störfum, og komi þá til frádráttar tekjur og aðrar greiðslur, sem hún aflaði sér á því tímabili. Er óumdeilt í málinu, að bætur þannig ákveðnar nemi þeirri fjárhæð, sem greinir í varakröfu áfrýjanda, og verður hann því dæmdur til að greiða stefndu 133.130 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Áður en mál þetta var höfðað, hafði áfrýjandi í bréfi 23. desember 1991 boðið stefndu að ljúka ágreiningi þeirra með því, að hún fengi greidd þriggja mánaða laun án frádráttar vegna annarra tekna hennar, en tekið var fram, að áfrýjandi teldi sig ekki skuldbundinn af þessu boði, ef til málshöfðunar kæmi. Fjárhæðin, sem stefndu er dæmd í málinu, er að mun lægri en sú, sem áfrýjandi bauð henni á þennan hátt. Þykir því rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Dvalarheimilið Lundur, greiði stefndu, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, 133.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. desember 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 22. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum af Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kt. 240145-7669, Heiðvangi 7, Hellu, með stefnu, út gefinni 4. september 1992, en birtri 9. september s. á., á hendur Dvalarheimilinu Lundi, kt. 440375-0149, Hellu.

Við munnlegan málflutning 19. f. m. voru af hálfu stefnanda gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 866.553.00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda voru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega, að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til vara var þess krafist, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 133.130.00 kr. með dráttarvöxtum skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til þrautavara var þess loks krafist, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda aðra hærri fjárhæð skv. mati dómsins með dráttarvöxtum skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. september 1992 til greiðsludags, en málskostnaður falli hins vegar niður.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

II.

Tölulegur ágreiningur er ekki í málinu, og leggur stefnandi til grundvallar stefnukröfum útreikning hagfræðings ASÍ á tekjutapi stefnanda, dskj. 4, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

1989.

Laun Guðrúnar á Lundi jan. – maí samkv. skattseðli kr. 476.433

Laun Guðrúnar á Lundi júní – des. hefðu orðið

(hlutf. 52,2%)	kr.	725.131
Mismunur á des-uppbót 1989 25.024 kr. – 9.000	–	16.024
Samtals	kr.	741.155

(Meðallaun júní – des. kr. 103.590)

Frádregin laun Landsvirkjun	kr.	95.147
„ „ Atvinnuleysisbætur	–	247.478
Skerðing	kr.	398.530

1990.

Mismunur á desemberuppb. 1990 26.509 – 10.000 kr. | 16.509 |

Laun Guðrúnar á Lundi jan. – maí (5 mán. × 103.590
+ 1,8%) hefðu o.

Laun Guðrúnar á Lundi júní – des. (7 mán × 103.590
+ 6,96%) hefðu o.

Samtals

Frádregin laun Atvinnuleysisbætur	kr.	–166.243
„ „ „ Skattstofa Suðurlands	–	–226.725
„ „ „ Reykjagarður hf.	–	–40.978
„ „ „ Árvélar hf.	–	–497.563
Skerðing	kr.	388.322

1991.

Laun Guðrúnar á Lundi í jan. (1 mán. × 103.590 + 6.56%) hefðu o.	kr.	110.386
Fráðregin laun Skattstofa Suðurlands	–	–30.685
	Skerðing	kr. 79.701

Á framangreindum tíma er skerðing launa samtals 866.533 kr. (krónutala án vaxta).

Meðalskerðing á mán. 1989	kr.	56.933
1990	–	32.360
1991	–	79.701“

Málsatvik, málsástæður og lagarök, sem fram hafa verið færð í málinu, eru hin helstu þessi:

Með bréfi, dagsettu 27. febrúar 1989 (dskj. 19), var stefnanda sagt upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða fyrirvara. Áður en til uppsagnar kom, hafði stefnandi um árabil starfað hjá stefnda við umhirðu aldraðra borgara, en Lundur er dvalarheimili aldraðra. Er stefnanda var sagt upp störfum, var hún trúnaðarmaður stéttarfélags síns í starfsstöð stefnda og hafði gegnt slíkum starfa frá 4. október 1985. Af hálfu stéttarfélagsins var uppsögnin talin brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Formaður Verkalýðsfélagsins Rangæings, sem var stéttarfélag stefnanda, mun hafa reynt að fá uppsögnina dregna til baka, en ekki náðust sættir á þeim grundvelli né öðrum, og kom uppsögnin til framkvæmda. Lét stefnandi af störfum í maílok 1989.

Stéttarfélag stefnanda höfðaði með stefnu, birtri 15. september 1989, mál fyrir Félagsdómi vegna starfsloka stefnanda hjá stefnda. Hinn 5. desember 1989 kvað Félagsdómur upp dóm í málinu, dskj. 3., með svohljóðandi dómsorði:

„Uppsögn stefnda, Dvalarheimilisins Lundar, á trúnaðarmanni Verkalýðsfélagsins Rangæings, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, sem gerð var með bréfi, dags. 27. febrúar 1989, var brot á meginreglu 2. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmat af þeim sökum.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.“

Hin tilvitnaða lagagrein hljóðar þannig:

„Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þegar stefnanda hafi verið sagt upp starfi, hafi atvinnuástand í Rangárvallasýslu verið bágborið. Stefnandi,

sem gefið hefur munnlega aðilaskýrslu hér fyrir dóminum, kveðst strax hafa reynt að hafa allar klær úti með að útvega sér nýtt starf. Af málsgögnum sést, að stefnandi var frá starfslokum og það, sem eftir var ársins 1989, atvinnulaus, ef frá er talið mánaðarstarf við ræstingar við Hrauneyjafoss-virkjun. Um þetta tímabil hefur stefnandi eftirfarandi að segja: „Já, mér bauðst starf um haustið og taldi það vera til árs, sem ég var ráðin, en það komu upp raddir um, að aðrar konur hefðu meiri rétt, svo að þetta voru ekki nema fáar vikur.“ Stefnandi sagði, að þetta hefði verið eina starfið, sem hún hefði fengið frá starfslokum og fram til áramóta 1989/1990. Stefnandi sagðist aðallega hafa leitað fyrir sér í Rangárvallasýslu, en þó ekki einskorðað tilraunir sýnar við vinnusvæði Verkalýðsfélagsins Rangæings og bendir í því sambandi á, að hún hafi um tíma á árinu 1990 sótt vinnu í Hrunamannahreppi, Árnessýslu, hjá Árvélum hf. Sóknargögn greina frá því, að stefnandi hafi verið í tímabundnu starfi hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, frá 19. mars 1990 til 31. maí s. á., eftir það við kjúklingaslátrun á Hellu í 3 vikur í júnímánuði 1990 hjá fyrirtækinu Reykjagarði hf. og síðan hjá Árvélum hf. til októberloka 1990. Frá 1. nóvember 1990 til 1. febrúar 1991 vinnur stefnandi sem lausráðinn starfsmaður í hálfisdagsvinnu hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, en fær fastráðningu þar frá og með 1. febrúar 1991. Stefnandi er nú fastráðinn starfsmaður í fullu starfi á Skattstofu Suðurlands, Hellu.

Starfið á Dvalarheimilinu Lundi, sagði stefnandi, að hefði verið fólgið í vinnu í eldhúsi, böðun, þvotti og þess háttar störfum. Stefnandi sagðist hafa verið 44 ára gömul, er henni hefði verið sagt upp störfum. Hún hefði enga fagmenntun haft, að vísu verið byrjuð í öldungadeild Fjölbautaskóla Suðurlands með það í huga að komast síðar meir í sjúkraliðanám. Uppsögnin hefði kippt fótum undan þeim fyrirætlunum. Stefnandi upplýsti, að hún væri gift kona með þrjú uppkomin börn heima, og þar væri einnig barnabarn, er þau hjónin fóstruðu og sæju um uppeldi á. Um störf sín og tilraunir sínar til að fá vinnu á árinu 1990 og fram að fastráðningu 1. febrúar 1991 sagði stefnandi, að þegar hinni tímabundnu vinnu hjá skattstofunni lauk 31. maí 1990, hefði hún hafið störf hjá hæsnasláturhúsinu á Hellu. Kvaðst hún hafa þolað þessa vinnu mjög illa, verið slæm í axlarliðum. Sér hefði þá boðist starfið hjá Árvélum sem ráðskona uppi í Hrunamannahreppi, en hætt þar í októberlok, er hún hefði fengið hálfisdagsstarfið hjá skattstofunni. Stefnandi taldi, að hún hefði gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að útvega sér vinnu á umræddu tímabili. Í leit sinni kvaðst hún alls ekki hafa takmarkað sig við sambærilegt starf, heldur leitað eftir einhverju starfi. Hún kvaðst t. d. hafa sótt um starf á Kirkjuholi á Hvolsvelli, en sér hefði verið annars sama, hvert starfið var, bara ef hún fengi vinnu.

Vitnið Sigurður Óskarsson, formaður og starfsmaður Verkalýðsfélagsins Rangæings, sagðist hafa tekið saman tölur um fjölda þeirra, sem fengu atvinnuleysisbætur í Rangárvallasýslu á tímabilinu júní 1990 til og með janúar 1991. Síndu þær tölur fjölda bótaþega á þessu tímabili um og yfir 100, mest í janúar og febrúar 1990, 169 og 164, en minnst í september og október 1990, 71 og 76 bótaþega. Vitnið sagði, að félagsmenn hjá Verkalýðsfélaginu Rangæingi hefðu verið 258 á árinu 1990, 196 karlar og 62 konur, en 315 á árinu 1991, 175 karlar og 140 konur. Vitnið taldi, að það hefði verið almennt álit, að á þessum tíma hefði atvinnuástand í Rangárvallasýslu verið mjög slæmt. Benti vitnið á, að þrjóna- og spunaiðnaður hefði á þessum tíma hrunið. Vitnið sagði, að ástandið hefði eftir þetta farið mjög batnandi, og hefðu þannig einungis 60 bótaþegar verið í júlí 1991 og 16 mánuðinn þar á eftir og 83 í nóvember 1992. Vitnið sagði, að vinnu-markaður í þessu sambandi væri alls ekki bundinn við Rangárvallasýslu, og væri vinnumarkaður Rangæinga mjög mikið í Reykjavík. Það sagði, að á þessum árum hefði atvinnuleysi ekki verið síst vegna verkafólks, sem sent hefði verið heim frá þessum stöðum. Í þessu sambandi nefndi vitnið, að á haustin kæmu verktakamenn, sem hefðu verið að vinna á öðrum svæðum, en fengu ekkert að gera heima. Þó að þetta væri hluti af vandanum, sagði vitnið, að aðalvandamálið hefði þó verið vegna kvenna á miðjum aldri, sem hvergi hefði verið hægt að útvega vinnu. Sagði vitnið, að reynslan sýndi, að hin gömlu hefðbundnu vertíðarstörf væru úr sögunni. Vitnið skýrði, hvernig skráningu bótaþega væri háttað, og sagði langflesta bótaþegana koma frá kaupþúnunum Hellu og Hvolsvelli, en litíð væri á Rangárvallasýslu sem eitt atvinnusvæði, skipting í hreppamörk ætti ekki lengur við. Vitnið sagði sér kunnugt um, að stefnandi hefði mjög oft þurft að beita sér á vinnustað sem trúnaðarmaður starfsfólks. Vitnið lýsti þeirri skoðun sinni, að langmest vandræði hefðu stafað af röngum útreikningi og rangri vinnu í launamedferð vegna kunnáttuleysis. Af þessu hefðu sprottið deilur um laun, samninga og annað viðvirkjandi launaþættinum. Mest hefði þetta bitnað á stefnanda sem trúnaðarmanni starfsfólks, og hefði stefnandi að mati vitnisins fundið fyrir báðum aðilum í þessu sambandi. Vitnið sagði, að nú væri ástandið allt annað og hefði strax batnað með nýjum gjaldkera.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að leita sér að vinnu. Hún hafi t. d. ekki vílað fyrir sér að leita að vinnu utan stéttarsvæðisins.

Af hálfu stefnda er þessu sjónarmiði mótmælt. Að mati stefnda sé alls ekki hægt að setja algilda mælistiku á það, hvenær tiltekinn aðili hafi gert

allt, sem í hans valdi standi, til að útvega sér vinnu. Reifuð sjónarmið stefnanda í þessu sambandi vekir ýmsar spurningar. Hvenær er t. d. staða aðilans þannig, að hann sé kominn í starf? Geti það einnig hugsast, að það geti verið á ábyrgð vinnuveitandans, að atvinnuástand á tilteknu landsvæði er erfðara en á öðru? Það fái ekki staðist að mati stefnda.

Rétt sinn til skaðabóta kveðst stefnandi reisa á almennu skaðabótareglunni. Stefndi hafi slitið vinnusamningnum við stefnanda með ólögsmætum hætti. Með því hafi hann valdið stefnanda fjártjóni, sem stefnda beri að bæta, enda hafi stefnandi gert sitt til að draga úr tjóninu.

Þessu mótmælir stefndi. Stefndi heldur því fram, að þótt líta megi svo á, að uppsögnin hafi verið ólögsmæt í þeim skilningi, að á hafi skort að veita stefnanda, sem var trúnaðarmaður, áminningu, áður en til uppsagnar kom, þá hafi stefnanda alls ekki verið sagt fyrirvaralaust upp starfi. Við þetta sé aðalkrafa um sýknu einmitt miðuð, að stefnanda hafi verið sagt upp með samningsbundnum uppsagnarfresti, og eigi stefnandi því ekki rétt á neinum skaðabótum. Tómlæti stefnanda við að hafa uppi kröfur, eftir að dómur Félagsdóms hafði verið kveðinn upp, leiði einnig til sömu niðurstöðu. Þegar málið sé höfðað, séu þannig tæp þrjú ár, frá því að dómur Félagsdóms gekk í málinu, og rúm tvö ár liðu frá dómi Félagsdóms og þar til stefnandi lét stefnda vita, að hún ætlaði að hafa uppi kröfur á hendur stefnda vegna uppsagnarinnar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að tómlætisáhrif komi til álita. Bendir stefnandi á, að kröfugerðin sé byggð á skaðleysissjónarmiðum. Stefnandi eigi rétt á því að krefja um bætur, sem geri hana eins setta og ekki hefði komið til uppsagnar. Tjón stefnanda hafi alls ekki verið komið fram, fyrr en hún fékk aftur fast starf. Þá og þá fyrst hafi verið hægt að vinna að kröfugerð hennar reistri á framangreindum forsendum. Unnið hafi verið að málinu með eðlilegum hraða, og hafi stéttarfélag stefnanda leitað til hagfræðings ASÍ varðandi tekjutap stefnanda. Þegar er sá útreikningur hafi legið fyrir, hafi stefnandi sent stefnda bréf, dskj. 14, og málshöfðun fylgt í kjölfarið. Í þessu sambandi beri einnig á það að líta, að auðvitað hafi stefnda gert sér það ljóst, að í kjölfar dóms Félagsdóms fylgdi málshöfðun stefnanda. Kröfugerð stefnanda hafi því á engan hátt átt að koma stefnda á óvart.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef komi til skaðabótageiðslu til stefnanda, eigi að miða bótafjárhæð við svonefnda meðalhófsreglu. Fjárhæð bótanna geti þannig aldrei miðast við lengri tíma en svarar þriggja mánaða samningsbundnum uppsagnarfresti, þ. e. miðað við laun stefnanda hjá stefnda mánuðina júní – ágúst 1989. Meðallaun fyrir hvern mánuð

hefðu samkvæmt útreikningum frá stefnanda, dskj. 4, numið 103.590 krónum, samtals 310.770 krónum fyrir tilgreinda þrjá mánuði, en að sjálfsögðu og þá í fullu samræmi við framangreinda meðalhófsreglu að frádregnum launum þeim, sem stefnandi hafi haft hjá Landsvirkjun fyrir mánaðarstarf á þessu tímabili, og fengnum atvinnuleysisbótum, samtals til frádráttar 177.640 kr., og því til greiðslu samkvæmt varakröfu 133.330 krónum. Tilgreind meðalhófsregla sé í raun sú regla, sem dómstólar hafi mótað með niðurstöðum sínum í ágreiningsmálum vegna uppsagna á vinnusamningum og þegar bótagrundvöllur sé fyrir hendi vegna uppsagnarinnar. Þótt stefnandi hafi valið að miða kröfugerð sína ekki við hina fastmótuðu meðalhófsreglu, heldur byggja á skaðleysissjónarmiðum, breyti það ekki því, að hugsanlegt tjón stefnanda verði ekki við annað eða meira miðað en laun í uppsagnarfresti, enda engin rök til að leggja ríkari ábyrgð á stefnda í þessu sambandi. Prautavarakrafa sé hins vegar sett fram, þar sem hér reyni á vissan hátt á það, hvort dómstólar telji sig í reynd bæra um að víkja frá meðalhófsreglunni sem viðmiðun við bótauppsögn. Tilgreind tómlætisáhrif eigi hins vegar að hafa áhrif á upphafstíma dráttarvaxta.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að þegar stefndi með bréfi, dagsettu 27. febrúar 1989, dskj. 19, sagði stefnanda upp starfi frá og með 1. mars 1989 með þriggja mánaða fyrirvara, hafði stefnandi áunnið sér þann uppsagnarrétt, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur tryggir trúnaðarmönnum tilekna vinnuvernd. Með hliðsjón af því bar stefnda að gefa stefnanda viðvörðun í formi áminningar, áður en hann sagði henni upp starfi. Ósannað er, að uppsögn stefnanda meggi rekja til vanrækslu stefnanda í starfi eða að stefnandi hafi með öðrum hætti brotið gegn starfskyldum sínum. Stefnandi, sem gegnt hafði starfi trúnaðarmanns frá 4. október 1985, átti því rétt á að krefja stefnda um bæt看 vegna ólögmætrar uppsagnar, en málsatvik og fram lögð gögn leiða til þeirrar niðurstöðu, að stefnandi hafi gagnvart stefnda haldið kröfu sinni nægjanlega til haga.

Þegar stefndi sagði stefnanda upp starfi, var hún á 44. aldursári. Atvinnuástand í Rangárþingi var þá bágborið, og svo var enn, er stefnandi hóf fyrst störf hjá Skattstofu Suðurlands, Hellu, í marsmánuði 1990. Stefnandi mátti því gera sér ljóst, að það yrði erfiðleikum háð fyrir stefnanda að útvega sér vinnu á nýjan leik. Að því athuguðu og að teknu tilliti til þess, hversu erfitt er að meta, hvort stefnandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr

tjóninu, sem og því, að orsakasambandið milli uppsagnar og tjóns stefnanda varð minna eftir því, sem lengra leið frá uppsögn, þykja bætur þær, sem stefnda ber að greiða stefnanda, hæfilega ákveðnar 470.904 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til launaútreiknings samkvæmt dómskjali 4 fyrir árið 1989 og frádráttarliða sem þar greinir, vegna launa stefnanda hjá Landsvirkjun og atvinnuleysisbóta á því ári sem og áætlaðra meðallauna fyrstu tvo mánuði ársins 1990 (105.455×2), en að fráðregnum áætluðum tekjum (atvinnuleysisbótum) stefnanda (-138.535) fyrir sama tímabil. Ber stefnda að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1989 til 10. janúar 1992, en þá með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga, allt eins og í dómsorði nánar greinir, og að auki málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 130.000 krónur, er beri dráttarvexti samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við ákvörðun málskostnaðar var ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 10. nóvember s. l., dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Dvalarheimilið Lundur, kt. 440375-0149, greiði stefnanda, Guðrúnu Birnu Garðarsdóttur, kt. 240145-7669, 470.904 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, af 56.933 kr. frá 1. 7. 1989 til 1. 8. s. á., af 113.866 kr. frá þeim degi til 1. 9. s. á., af 170.799 kr. frá þeim degi til 1. 10. s. á., af 227.732 kr. frá þeim degi til 1. 11. s. á., af 284.665 kr. frá þeim degi til 1. 12. s. á., af 341.598 kr. frá þeim degi til 1. 1. 1990, af 398.531 kr. frá þeim degi til 1. 3. s. á., en af 470.904 kr. frá þeim degi til 10. janúar 1992, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað.